



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Sími 456 4560 · Veffang: www.bb.is · Verð kr. 400 m/vsk



5 694110 023513

Fimmtudagur

17. september 2009
37. tbl. · 26. árg.



**Vantar þig íbúð
til leigu?**

Hafðu samband!
sími: 456 6600



Fyrsti valkost- urinn er ekki að fara frá Ísafirði

Halldór Halldórsson hættir í vor sem bæj-
arstjóri og oddviti sjálfstæðismanna í Ísa-
fjarðarbæ. Framtíðin er óráðin en margt
kemur til álita. Sjá viðtal í miðopnu.



Við flytjum allt ...
... og ekkert er of stórt!

Eyrarskála 400 Ísafjörður Sími 525 7890 Fax 525 7899 www.flytjandi.is

Eimskip-Flytjandi er með um
80 afgreiðslustaði um land allt.
Hvað getum við flutt fyrir þig?
Hafðu samband og fáðu tilboð.

EIMSKIP
Flytjandi

Eiríkur Finnur í framboð?

Núna þegar fyrir liggur að Halldór Halldórsson bæjarstjóri og Birna Lárusdóttir forseti bæjarstjórnar, leiðtogar Sjálfstæðisflokksins á vettvangi bæjarmála í Ísafjarðarbæ, ætla bæði að hætta á komandi vori, er þegar farið að velta fyrir sér arftökum þeirra. Meðal þeirra sem eru þar í umræðunni er Eiríkur Finnur Greipsson á Flateyri, sem er þrautreyndur í sveitarstjórnarmálum fyrr á árum. Ekki alls fyrir löngu var haft eftir Eiríki Finni að hann myndi aldrei fara fram gegn þeim

Halldóri og Birnu. „Það er rétt eftir haft“, segir hann í samtali við blaðið, „ég hef litið á þau sem leiðtogana á þessum vettvangi.“ Aðspurður hvort hann hyggi til hreyfings í bæjarmálum í Ísafjarðarbæ við kosningarnar á komandi vori, nú þegar Halldór og Birna hafa lýst því yfir að þau ætli að hætta, svarar Eiríkur Finnur:

„Ég var í sveitarstjórn í þrettán ár og hafði afskipti af sveitarstjórnarmálum í talsvert lengri tíma. Mér finnst það hafa verið

skemmtilegasti starfsvettvangurinn um dagana. Að ekki sé nú minnst á þann tíma sem ég var hjá Fjórðungssambandinu, þó að ég hafi af vissum ástæðum verið styttri tíma þar en ég hafði hugsað mér í upphafi. Í rauninni hef ég alltaf verið félagsmálafrik, eins og það er kallað. Mér fannst hins vegar þessi sveitarstjórnarmálakafli vera búinn í lífi mínu. Ég hef á seinni árum verið á hliðarlínunni og hef haft gaman af því að taka þátt í starfinu sem stuðningsaðili“, segir Eiríkur Finnur.

„Samt get ég ekki leynt því að ég hef mikinn áhuga á þessu ennþá. Allt síðastliðið ár hef ég fengið ótrúlega mikla hvatningu frá mörgu fólki, bæði innan Sjálfstæðisflokksins og líka meðal pólitískra andstæðinga, sem hafa hreinlega beðið mig að gefa kost á mér til starfa í bæjarstjórn. Fram að þessu hef ég aftur á móti ekki almennilega fundið flöt á því. Og svo er hin hliðin á málinu, að ég held að yngri og ferskari vindar megi alveg leika um þessa sali.“
– hlynur@bb.is



Eiríkur Finnur Greipsson.

Ætla að jafna stöðu kynja í sveitarfélögum

Fulltrúar Jafnréttisstofu og Sambands íslenskra sveitarfélaga undirrituðu viljayfirlýsingu um að innleiða Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum á landsfundi jafnréttisnefnda á Ísafirði á föstudag. „Við vorum að lýsa því yfir að við ætlum að vinna saman að því að innleiða Evrópusáttmálann en fimm sveitarfélög hafa skrifað undir sáttmálann og vonandi mun þeim fjölga með tíð og tíma“, segir Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu. Hún segir að staðið hafi til að innleiða sáttmálann um nokkurn tíma en sú vinna hefur dregist vegna þjóðfélagsástandins. „En það er ekki hægt að slá öllu á frest og jafnrétti kynjanna er eitt af því sem bætir samfélagið og brýnt er að vinna að.“ Sáttmálinn er ætlaður sveitar- og héraðsstjórnur í Evrópu. Þeim er boðið að undirrita hann og skuldbinda



Kristín Ástgeirsdóttir framkvæmdastýra Jafnréttisstofu og Halldór Halldórsson, formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga, skrifa undir samstarfsyfirlýsingu um innleiðingu Evrópusáttmálans.

sig þar með formlega og opinberlega til að virða grundvallarregluna um jafnrétti kvenna og karla og innleiða þær skuldbindingar sem felast í sáttmálanum innan síns svæðis.

Mikil ánægja var með landsfundinn sem stóð yfir í tvo daga.

„Fundurinn gekk mjög vel, þetta var skemmtilegur fundur og mikið af góðum erindum sem komu þarna fram“, segir Kristín. Landsfundurinn var opin fulltrúum í jafnréttisnefndum sveitarfélaga, en einnig voru velkomnir á fundinn fulltrúar þeirra sveitarstjórna sem ekki hafa skipað jafnréttisnefndir. Félagsmálanefnd Ísa-

fjarðarbæjar stóð fyrir landsfundinum að þessu sinni en hann fór fram í Edinborgarhúsinu á Ísafirði. Í ár var sérstaklega fjallað um komandi sveitarstjórnarkosningar 2010 en hlutfall kynjanna í sveitarstjórnunum er mjög mismunandi eftir stærð þeirra og er hlutfall kvenna mun lægra í dreifbýli en á þéttbýlisstöðum.

Lofsvert lagnaverk

Viðurkenningar fyrir lofsvert lagnaverk falla þetta árið í skaut Grunnskólans á Ísafirði og þeirra sem unnu við nýbyggingu hans. Viðurkenningarnar verða afhentar af forseta Íslands, herra Ólafi Ragnari Grímssyni, í húsnaði skólans kl. 16 á morgun. Viðurkenningarnefnd Lagnafélags Íslands hefur starfað frá árinu 1990 og hefur veitt viðurkenningar fyrir lofsverð lagnaverk á hverju ári síðan. Fyrsta viðurkenningin var veitt fyrir lofsvert lagnaverk í húsakynnum Sjóvá Almenna trygginga árið 1990.

Nýbygging Grunnskólans á Ísafirði er viðbygging við gamla skólahúsið við Aðalstræti, sem var byggt árið 1801 og er nú friðað. Nýbyggingin er jafnframt tenging við nýrra skólahúsnæði sem stendur við Austurveg. Byggingin er niðurstaða samkeppni sem efnt var til árið 2001. Nýbyggingin myndar tveggja hæða umgjörð um gamla skólann, sem er áfram helsta einkenni og ímynd skólans.

Pokkalegt dúnár en lækkað verð

Æðarvarp og dúntekja voru með þokkalegu móti þetta árið en mikil óvissa virðist með sölu á dúninum, að sögn Zófoníasar F. Þorvaldssonar dúnbónda á Læk í Dýrafirði. Hann segir að verðið á dúninum í erlendum gjaldeyri hafi hrapað en haldið sér nokkuð í krónutölu. Á liðnum árum hefur dúnninn verið mest seldur á Japansmarkað. „Þeir hafa nú hins vegar algerlega haldið að sér höndum í

tvö ár“, segir Zófonías og telur að það megi líklega rekja til efnahagsþrenginga þar í landi. Eins og nú standa sakir fer dúnninn einna helst á Þýskalandsmarkað.

„Það var óvenjumikið aftófu hérna í Dýrafirðinum í ár, segir Zófonías. „Við leyfum henni nú ekki að komast upp með að gera usla í æðarvarpinu. Það verður að vakta þetta allan sól-arhringinn.“ – hlynur@bb.is

Heilsugæslan frumsýnd í október

Æfingar á nýjasta verki Kómedíuleikhússins Heilsugæslunni ganga vel en það verður frumsýnt í Arnardal 2. október. „Verkið fjallar um tvo lækna sem eru afar ólíkir. Annar er gamall í hettunni og vinur allra en hinn er harðari og sífellt að sækja ráðstefnur og afla sér meiri menntunar. Við fylgjumst með nokkrum sjúklingum koma til þeirra sem eru margir hverjir mjög skondnir og þetta er líka ádeila á þá áratту lækna að gefa lyf við öllu þegar margt mætti leysa með því einfaldlega að lifa heilbrigðu lífi“, segir Margrét Sverrisdóttir leikkona en auk hennar bregður Elfi Logi Hannesson sér í líki læknis og sjúklinga. Um er að ræða gamanleik eftir hinn víðkunna kvikmyndargerðarmann og lækni Lýð Arnason.



Margrét Sverrisdóttir í líki sjúklings á Heilsugæslunni. Mynd: Ágúst Atlason.

Lambanýru
Úr kjötborði
129 kr/kg

Lambalífur
Úr kjötborði
398 kr/kg

Lambahjörtu
Úr kjötborði
298 kr/kg

Hauستilboð!



Leggja inn pöntun

(Afhendist í kjötborði)

Nafn: _____

Símanúmer: _____ Hvað viltu marga kassa? _____

Sláturmarkaður hefst þann 17. september. Panta þarf með 2 daga fyrirvara.

Samkaup **úrval**

ÍSAFJÖRÐUR

Gildir 17. - 20. september
Birt með fyrirvara um prentvillur

Fornleifar í alfaraleið

Með opnun brúarinnar yfir Mjóafjörð í Ísafjarðardjúpi er Vatnsfjörður kominn í alfaraleið og því auðveldara fyrir áhugasama að koma þar við til að bera fornleifauppgjöftinn á svæðinu augum. Það er félagið „Vestfirðir á miðöldum“ sem stendur að uppgreiftrinum í samstarfi við Fornleifaskóla Íslands. Starfið felst aðallega í fornleifarannsóknunum, fornleifaskóla og uppbyggingu á aðstöðu fyrir ferðamenn.

Settir hafa verið upp útýnispallar sem gerir ferðamönnum kleift að sjá yfir svæðið. Þar er einnig að finna fróðleik um sögu Vatnsfjarðar og þær fornleifar sem hafa fundist. Grafinn hefur verið upp skáli frá landnámsöld og í kringum hann hafa menn fundið rústir fleiri húsa, væntanlega útihúsa.

Púlað með kerrur

Íþróttafræðingurinn Sigríður Guðjónsdóttir og næringafræðingurinn Salome Elín Ingólfsdóttir ætla að yta úr vör kerrupúlsmáskleiði á Ísafirði. Kerrupúl er alhliða æfingakerfi fyrir mæður sem vilja rækta líkama og sál eftir barnsburð. Barnið fær að koma með og njóta útiverunnar og samverunnar við móður og önnur börn.

Kerrupúlið er byggt á amerískri fyrirmynd þar sem áralöng reynsla á þessu æfingakerfi hefur skilað mjög góðum árangri hjá mæðrum sem hafa viljað koma sér í gott form. Sex vikna námskeið hefst á mánudag og kennt verður mánudaga, miðvikudaga og föstudaga kl.13. Nánari upplýsingar gefur Sigríður í síma 8672979 og Salome í síma 8964668.

Hundrað daga nefnd í vikinni

Bæjarráð Bolungarvíkur hefur samþykkt að skipa sérstaka nefnd til að gera úttekt á hagkvæmni hugsanlegrar samningar Bolungarvíkur, Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur.

Gert er ráð fyrir að nefndin ljúki störfum á 100 dögum og að tillögur hennar verði lagðar fyrir viðkomandi sveitarstjórnir áður en árið er úti.



Inn að beíni

Ómar Már Jónsson, sveitarstjóri í Súðavík

Ómar Már var ráðinn sveitarstjóri Súðavíkurhrepps árið 2002. Í kosningunum árið 2006 hlaut hann kosningu í sveitarstjórn og var endurráðinn sem sveitarstjóri. Síðan þá hefur hann einnig setið sem oddviti hreppsins. Hann hefur því komið langa leið frá því að hann vann við að taka spyrðubönd af fískskreið í Frosta húsinu í Súðavík en það var hans fyrsta starf.

Aldrifarikasta ákvörðun lífs þíns?

Ætli það hafi ekki verið þegar ég ákvað að hætta á sjónum og fara í framhaldsnám.

Hvar langar þig helst að búa?

Í Súðavík líður mér vel og þar er gott að vera.

Hver var hamingjusamasta stund lífs þíns?

Það er þegar börnin mín komu í heiminn.

Bestu vonbrigði lífs þíns?

Hef ekki orðið fyrir vonbrigðum í lífi mínu svo talandi sé um.

Mesta uppgötvunin í lífi þínu?

Þegar ég uppgvötaði að maður stjórnar sjálfur sínu lífi en ekki öfugt.

Uppáhaldslagið?

Wonderful Tonight, með Eric Clapton.

Uppáhaldskvikmyndin?

Það verður að teljast Forrest Gump.

Uppáhaldsbókin?

Farsæld er ferðalag eftir Bryan Tracy.

Ógleymanlegasta ferðalagið?

Ferðalag sem við Laufey fórum í ágúst árið 1996 og tjölduðum fyrst við Skógarfoss í tvær nætur og þaðan lá leiðin út á Arnarstapa með börnin þar sem ég bað Laufey að giftast mér.

Uppáhaldsborgrin?

Það er Melbourne, Ástralíu. Kom þangað fyrst 1985 og svo aftur árið 2007 og var ótrúlegt að sjá hvernig Ástralar hafa náð að tvínna saman gamla og nýja tímann í mjög fallettri og skipulagðri stórborg.

Besta gjöfin?

Það er þegar konan mín tekur upp á því að setja saman ljóð og gefa mér við hin ýmsu tækifæri.

Telur þú að líf sé á öðrum hnöttum?

Það eru til lífverur á öðrum hnöttum, en ég dreg í efa getgátur um mannlíf á öðrum hnöttum.

Hvaða hlutar geturðu alls ekki verið án?

Gsm síma og tölvunnar. Erfitt að hugsa sér lífið í dag án þeirra tækja.

Fyrsta starfið?

Það var að taka spyrðubönd af fískskreið í Frosta húsinu í Súðavík þegar ég var um 10 ára gamall. Fengum borgaða nokkra aura fyrir hvert spyrðuband sem við losuðum.

Draumastarfið?

Frá því ég útskrifaðist úr Tækniskóla Íslands í byrjun árs 1997 hef ég verið lánsamur og notið þess að starfa við draumastarfið hverju sinni.

Hvaða frægu manneskju hefur þér verið líkt við?

Ekki neina... svo ég viti til.

Fallegasti staðurinn á Íslandi?

Mér finnst Vestfirðir í heild sinni alltaf standa upp

úr hvað fjölbreytni og fegurð í landslagi varðar.

Fallegasti einstaki staðurinn verð ég að segja Þórsmörk.

Skondnasta upplifun þín?

Hún er ekki kominn ennþá.

Aðaláhugamálið?

Hefur lengi verið atvinnurekstur af ýmsu tagi þó það sé ekki heppilegt að telja það til áhugamála. Þar á eftir verð ég að segja flug en þessa mánuðina fer mikið af mínum frítíma í að klára einkaflugmannsnám sem ég byrjaði í árið 2000.

Besta vefsíðan að þínu mati?

Heimasíða Melrakkaseturs Íslands ehf á slóðinni www.melrakki.is

Hvað ætlaðir þú að verða þegar þú yrðir stór?

Þar sem ég er uppalinn í Súðavík snerust fyrstu hugmyndir mínar um störf tengd sjómennsku.

Hver er þinn helsti kostur að þínu mati?

Að vera meðvitaður um lesti mína.

En helsti löstur?

Ásamt öðrum misgöðum löstum get ég t.d. átt erfitt með að mæta á réttum tíma, verið óþolinmóður og smámunasamur.

Besta farartækið?

Flugvélar, af því þær komast svo hratt yfir.

Hver er uppáhaldshátíðardagurinn þinn?

Ætli það verði ekki að teljast aðfangadagur. Það er alltaf góður og hlýr hátíðarblær yfir jólahátíðinni auk þess sem þá hugar maður í enn meira mæli að sínum.

Hvaða manneskju lítur þú mest upp til?

Ég lít upp til allra þeirra sem hafa það viðhorf að lífið sé ekki byggt á tilviljunum heldur að við höfum það í hendi okkar hvernig líf við sköpum okkur.

Ef þú mættir heita hvað sem er, hvað myndirðu heita?

Ég er mjög ánægður með nafnið Ómar Már. Var sem barn mjög í vafa með seinna nafnið „Már“ þar sem það var eingöngu notað með þegar það þurfti að skamma mig, sem var víst ósjaldan. Er þó fyrir löngu búinn að taka það í góða sátt.

Á hvaða tíma sólarhrings kanntu best við þig?

Besti tíminn verður að teljast milli kl. 05:00 og 07:00

á morgnanna þegar dagurinn er á sinn hátt að fara á fætur, þá sjaldan sem ég er vakandi á þeim tíma.

Í hvaða stjörnumerki ertu?

Í meyjunni.

Lífsmottóið þitt?

Tvö jafngild og góð: Hver einasta upplifun hefur þann tilgang að kenna manni eitthvað sem maður þarf að vita til að komast áfram í lífinu. Það seinna er að með því að framkvæma rétt gildi á hverjum degi þá færðu ekki endilega það sem þú vilt en þú verður alltaf sá sem þú vilt.

Halldór gefur ekki kost á sér áfram sem bæjarstjóri

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar og oddviti sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ, hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér sem oddviti og bæjarstjóraefni fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Ákvörðun þessa efnis tilkynnti Halldór á fundi í bæjarmálafélagi Sjálfstæðisflokksins í Ísafjarðarbæ í síðustu viku.

„Þessa ákvörðun hef ég fyrir löngu tekið, tók hana í upphafi yfirstandandi kjörtímabils, en þótti rétt að tilkynna mínum flokksfélögum hana í tíma svo hægt verði að stilla upp öflugum lista til áframhaldandi þjónustu fyrir íbúa bæjarins,“ segir Halldór.

„Margt hefur gerst á þeim bráðum tólf árum sem ég hef starfað sem bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ. Þegar ég tók við störfum vorið 1998 var ég sjötti bæjarstjórinn á sjö ára tímabili. Allnokkur órói hafði verið í bæjarmálunum árin á undan. Mikið hefur verið framkvæmt á þessum árum og þjónusta sveitarfélagsins er góð og viðtæk. Staða bæjarins



Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar.

er góð, sérstaklega ef miðað er við núverandi aðstæður og sam-
anburð við önnur sveitarfélög. Er hægt að rökstyðja þessa full-
yrðingu mjög auðveldlega með
samanburði ársreikninga sveitar-
félaga.

Þessi ákvörðun er byggð á því
sjónarmiði mínu að ekki sé hollt
að vera alltof lengi í einu starfi.
Hvorki fyrir einstaklinginn sjálf-
an né þá sem starfinu er ætlað að
þjóna. Að mínu mati gildir þetta
sérstaklega um kjörna fulltrúa.

Með þessari ákvörðun er hins
vegar ekki verið að gefa út yfir-
lýsingu um að nú sé ég hættur í
stjórnmalum. Á hvaða vettvangi
ég mun starfa að loknu þessu
kjörtímabili verður tíminn að
leiða í ljós,“ sagði Halldór.

Enginn rætt um að hætta

„Já, ég ætla að gefa kost á
mér áfram“, segir Sigurður Pétursson, oddviti Í-listans í
bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar. Eins og fram hefur komið
ætlar Halldór Halldórsson ekki að gefa kost á sér lengur
við sveitarstjórnarkosningar í vor sem oddviti D-
listans og bæjarstjóraefni og sömu sögu er að segja af
Birnu Lárusdóttur af D-lista. „Eins og staðan er núna hef-
ur enginn fulltrúi Í-listans
rætt um að hætta“, segir Sig-
urður Pétursson.

Í-listinn er í minnihluta í
bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
með fjóra fulltrúa gegn fimm
fulltrúum meirihlutans, sem
skipaður er fjórum sjálfstæð-
ismönnum og einum fram-
sóknarmanni. Í-listinn er
sameiginlegt framboð Sam-
fylkingar, Vinstri grænna og
Frjálslyndra og óháðra í
bæjarstjórn. „Þeir flokkar
sem standa að Í-listanum
stefna auðvitað ótrauðir að
því að komast í meirihluta í
komandi kosningum“.

Haustdagar í Betra Bak Ísafirði Tilboð á stillanlegum rúmum og fleiru



Sérfræðingur frá Betra Bak í Reykjavík
verður hér dagana 18. og 19. september
og aðstoðar með val á dýnum.



Sængur, koddar, lök og sængurverasett

25% afsláttur þessa helgi

Einnig sértílbod á ýmsum öðrum vörum

betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is
Faxafeni 5, Reykjavík og Skeiði 1, Ísafirði • Sími 588 8477
Ópið virka daga frá kl. 10-18 Laugardaga frá kl. 11-16



Spurningin

Óttast þú spillingu í tengslum við sölu á fyrirtækjum sem komin eru í hendur ríkisbanka?

Alls svöruðu 526.
Já sögðu 474 eða 90%
Nei sögðu 52 eða 10%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Helgarveðrið

Horfur á föstudag:

Suðvestlæg átt og skúrir, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Kólnar í veðri. **Horfur á laugar-dag:** Suðvestlæg átt og skúrir, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Kólnar í veðri. **Horfur á sunnudag:** Suðvestlæg átt og skúrir, en bjartviðri um landið norðaustanvert. Kólnar í veðri.

Það er ódýrara að vera áskrif-andi! Síminn er 456 4560

Útgefandi:

H-prent ehf.,
kt. 600690-1169,
Sólgötu 9, 400 Ísafjörður,
sími 456 4560, fax 456 4564

Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson,
sími 892 5362, bb@bb.is

Blaðamenn:

Thelma Hjaltadóttir,
símar 456 4693 og 849
8699, thelma@bb.is
Aðalheiður Rúnarsdóttir,
símar 456 4560 og 661
0069, heida@bb.is

Ritstjóri netútgáfu bb.is:

Sigurjón J. Sigurðsson

Ljósmyndari:

Halldór Sveinbjörnsson, sími
894 6125, halldor@bb.is.

Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson
og Halldór Sveinbjörnsson
Lausasöluverð er kr. 400
eintakið með vsk. Veittur er
afsláttur til elli- og örorku-
lífeyrisþega. Einnig sé greitt
með greiðslukorti.

Önnur útgáfa:

Ferðablaðið
Á ferð um Vestfirði. ·
ISSN 1670 - 021X



Sparnaður í heilbrigðismál-um hefur umtalsverð áhrif

„Á þessum fundi var kynnt að það yrði aðhald og sparnaður á næstunni“, segir Þröstur Óskars-son, forstjóri Heilbrigðisstofnun-ar Vestfjarða, um fund með for-stöðumönnum allra heilbrigðis-stofnana landsins í heilbrigðis-ráðuneytinu fyrir stuttu. „Það var ekki gefið út fyrir einstakar stofn-anir hvað þeim yrði gert að draga mikið saman eða spara, þannig

að við vitum það ekki nákvæm-lega enn. Hins vegar blasir við að þetta mun hafa umtalsverð áhrif fyrir okkur. Ég held að það skýrist ekki hvernig þetta verður fyrr en við vitum hvaða fjárhæð okkur er ætluð til að reka stofn-unina“, sagði Þröstur, og kvaðst vona að það yrði sem fyrst.

„Það er náttúrlega spurning hvort við fáum að vita það áður

en fjárlögin verða lögð fram eða ekki. Landspítalinn hefur fengið sínar upplýsingar en við hin höf-um ekki fengið samsvarandi upp-lýsingar“, segir hann. „Það er samt alveg ljóst að þetta verður erfitt verkefni og það verður illa skorið niður nema með því að breyta eða skerða þjónustu.“

Á umræddum fundi lagði Ögmundur Jónasson heilbrigðis-

ráðherra ríka áherslu á að sparn-aðarkröfum yrði mætt með hag-ræðingu og skipulagsbreytingum sem hefðu sem allra minnsta röskun í för með sér fyrir sjúkl-inga. „Við erum samherjar, sam-starfsfólk, við þurfum að hugsa þjónustuna upp á nýtt, en ég dreg ekki fjöður yfir það að nú verða allir að taka á saman til að ná ár-angri“, sagði heilbrigðisráðherra.

Þrír greindir með svínaflensu

Þrír einstaklingar hafa verið greindir með influensu A(H1N1)v sýkingu á Vestfjörðum. Alls hafa 176 tilfelli verið staðfest á veiru-fræðideild Landspítala Íslands, 96 karlar og 80 konur. Ekki er vitað um alvarleg veikindi af völdum influensu A(H1N1)v veirunnar hérlandis. Öll staðfest tilfelli síðastliðnar tvær vikur

voru af innlendum toga. Flest tilfellin eru á aldrinum 15-29 ára. Greinst hafa tilfelli með búsetu á öllum sóttvarnaumdæmum nema í Vestmannaeyjum. Samtals voru 1078 tilfelli með influensulík ein-kenni eða staðfesta influensu í Sögu sjúkraskrá, þar af voru 492 karlar og 586 konur. Flest tilfellin eru í aldurshópnum 15-34 ára.

Flest tilfelli eru skráð á Vestur-landi og á höfuðborgarsvæðinu. Svo virðist sem faraldurinn sé fyrr á ferðinni á höfuðborgar-svæðinu og hann berist seinna út á land, að Vesturlandi frátöldu. Skráningin byggir á sjúkdóms-greiningum sem lækna á heilsu-gæslustöðvum og sjúkrahúsum í landinu skrá í Sögu sjúkraskrá.

Sjúkdómsgreiningin er langoft-ast byggð á klínísku mati læknis en eru í stöku tilfellum einnig staðfest með sýnatöku. „Þessi skráning endurspeglar að líkind-um betur útbreiðslu influensunn-ar í samfélaginu en fjöldi stað-festra tilfella með sýnatöku“, seg-ir á vef Landlæknisembættisins.

– thelma@bb.is

Ritstjórnargrein

Okkar eina von

Oft hefur því verið haldið fram að á Íslandi búi fleiri en ein þjóð og er þá ekki átt við útlendinga, sem hér hafa sest að. Fullyrðingin á rót að rekja til mismunar sem þegnarnir hafa búið við og gera enn. Þessi misskipting opinberast ekki síst þegar horft er til búsetu. Fólk í fámenni hefur setið á hakanum. Eitt kyndugasta dæmið um hvernig ríkisvaldið hefur sniðgengið þarfir landsbyggðafólks er trúlega vegspotti á sunnan verðum Vestfjörðum, sem árum saman hefur verið frestað að leggja, ýmist vegna samdráttar eða ofpenslu í hagkerfinu!

Lengi vel báru þingmenn embættismannavaldinu í Reykjavík fyrir höfuð sér þegar kvartað var yfir seinagangi framkvæmda í kjördæmum þeirra. Lengi vel hafði fólk á tilfinningunni að heilagt stríð ríkti milli höfuðborgarinnar og landsbyggðarinnar og talað var um ómaga í báðar áttir.

Það vantar ekki að í gegnum árin hafa sitjandi stjórnvöld verið ósink á yfirlýsingar og loforð um stuðning við hinar dreifðu byggðir. Þegar á hefur reynt hafa efndir ekki verið hátt hlutfall fyrirheita. Byggðakjarnar í öllum landsfjórðungum komu vel út á pappírnum. Það vantar þó ekki að verkefni hafa verið flutt frá ríki til sveitarfélaga. Og þarf að gera í enn ríkari mæli. Með þessu sagði ríkisvaldið A en lét ekki af verða að segja B. Sveitarfélögin fengu verkefnin en ríkið sat eftir á fjármagninu sem fylgja þurfti. Meira

að segja í góðærinu svokallaða var sveitarfélögunum tilkynnt snubbót að þau yrðu bara að herða sultarólina. Á meðan stærði ríkið sig af síauknum tekjuafgangi. Í þessu viðhorfi speglaðist að fólkið í sveitarfélögunum væri einfaldlega eitthvað allt annað fólk, en ríkið taldi sig hafa á sinni könnu. Þetta er álíka gáfulegt viðhorf og þegar ríkið er rakkað niður fyrir allar hellur, sem hverju öðru fyrirbrigði sem almenningi beri að sniðganga og svindla á eftir bestu getu.

Táknræn mynd: Fólk á malbikuðum vegi, sem skyndilega nær ekki lengra. Auðnin ein blasir við. „Stendur þú skil á þínu?“ er spurt í auglýsingu Samtaka iðnaðarins, þar sem því er haldið fram „að tekjutap hins opinbera vegna skattsvika nemi nálægt 40 millj-örðum á hverju einasta ári.“ Síðan er tíundað hvað unnt væri að gera fyrir þetta fjármagn. Eitthvað meira en lítið hlýtur það að vera sem knýr Samtök iðnaðarins í auglýsingaherferð af þessu tagi. Vitaskuld bitna undanskotin á þeim sem fara að lögum. Með lög-um skal land byggja.

Við búum við erfiðar aðstæður. Við þurfum á allt öðru að halda en eilífu naggi milli landsbyggðar og höfuðborgar. Við verðum sem ein og óskipt þjóð að nýta okkar gjöfula land, allt. Það er okkar eina von. Með öðrum hætti vinnum við okkur ekki út úr þeim vanda sem nú er við að kljást.

s.h.

Aukaframlag Jöfnunarsjóðs getur skipt sköpum fyrir Bolungarvík

Fjárhagsáætlun Bolvíkinga gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði alls 186 milljónir króna á árinu. „Ef tekjur frá Jöfnunarsjóði skila sér skv. áætlun á árinu og lækkun launakostnaðar gengur eftir á síðari hluta ársins, sem allt bendir nú til, er ekki óraunhæft að það markmið náist. Það er þó alveg ljóst að mikils aðhalds er þörf áfram í rekstri sveitarfélagsins til að áætlanir geti gengið eftir“, segir í yfirliti bæjarstjóra yfir árshlutauppgjör sem lagt

fram á síðasta bæjarstjórnarfundi. Skatttekjur Bolungarvíkurkaupstaðar, án Jöfnunarsjóðsframlaga, fyrstu 6 mánuði ársins eru 166,8 milljónir króna samanborið við rekstraráætlun ársins sem gerði ráð fyrir 158,5 milljónum króna. Regluleg framlög Jöfnunarsjóðs eru 50 milljónir króna eða 16 milljónum króna undir áætlun. Mismunurinn skýrist að mestu af því að ekki er hafin greiðsla á svokölluðu aukaframlagi Jöfnunarsjóðs sem reiknað

er með að verði alls 25 milljónir króna á árinu.

Mikilvægt er að 25 milljón króna aukaframlag Jöfnunarsjóðs skili sér til sveitarfélagsins enda getur það skipt sköpum í því að fjárhagsleg endurskiplagning sveitarfélagsins gangi upp. Launakostnaður samstæðunnar er 157 milljónir króna eða 12 milljónir yfir áætlun á meðan annar rekstrarkostnaður er 83,5 milljónir króna eða 11 milljónum undir áætlun. Reiknað er með að

launakostnaður á síðari hluta ársins verði lægri en fyrstu 6 mánuðina vegna þeirra sparnaðaraðgerða sem gripið hefur verið til og frávík frá áætlun minnki þegar liður á árið.

Rekstrarniðurstaða samstæðu fyrir óvenjulega liði er neikvæð um 14,1 milljón króna en rekstraráætlun gerði ráð fyrir 9,4 milljón króna halla. Rekstrarniðurstaða samstæðunnar er hinsvegar jákvæð um 89 milljónir króna að teknu tilliti til óvenjulegra liða,

vegna sérstakra framlaga Jöfnunarsjóðs og afskrifta lána hjá Íbúðalánasjóði. Þessir tveir liðir eru samtals að upphæð 103 milljónir króna á fyrri hluta ársins.

Skuldir og skuldbindingar samstæðunnar nema samtals 1.155 milljónum króna í lok júní en voru 1.195 milljónir króna um síðustu áramót. Eigið fé samstæðunnar eykst um 90 milljónir króna á tímabilinu. Veltufé frá rekstri er jákvætt um 70,5 milljónir króna á tímabilinu.

Fjallabráður með plötu í smíðum

Karلاكórinn Fjallabráður vinnur nú hörðum höndum að sinni fyrstu hljómplötu sem stefnt er að komi út í október. Platan sem enn hefur ekki hlotið titil mun innbyrða 10-13 lög. Fyrir stuttu tók kórinn upp lag með tónlistarmanninum góðkunna Magnúsi Þór Sigmundssyni. „Magnús samdi fyrir okkur lag í febrúar og ætlaði alltaf að fá okkur til að syngja lag sem heitir Freyja, og það var loks komið að því fyrir stuttu“, segir Halldór Gunnar Pálsson kórstjóri er blaðamaður hafði samband við hann þar sem var að vinna að plötunni í Tanknum í Öndarfirði. „Eins og Magnús orðaði það er lagið afsökunarbeiðni útrásarvíkingsins en hann sagði að ef þeir eru ekki

menn í að gera það sjálfir verður einhver annar að gera það.“

Aðspurður hvernig sé að vinna með svo þekktum tónlistarmanni segir Halldór það vera mjög fínt. „Magnús er öðlingur og flottur kall, en ég held að það sé nú ekkert leiðinlegt að vinna með okkur heldur.“ Er blaðamaður spyr hvort kórinn hyggi á heimsyfirráð eða dauða eins og svo margar hljómsveitir í gegnum tíðina hlær Halldór og segir svo ekki vera. „Við erum bara að syngja til að hafa gaman að þessu. Það er meginmarkmiðið.“

Fjallabráður litu dagsins ljós fyrir nokkrum árum fyrir tilviljun. Halldór var að reyna að kenna félaga sínum á kontrabassa og við þær æfingar urðu til allnokkur



Halldór Gunnar Pálsson og Magnús Þór Sigmundsson við upptökur á laginu Freyja. Mynd: Páll Öundarson.

lög sem eitthvað þurfti að gera við. Í kjölfarið urðu Fjallabráður til en þrátt fyrir að vera titlaður kór eru Fjallabráður fjarri því að vera venjulegur karlakór. Kórinn notast við ýmis hljóðfæri, svo sem gítar, bassa, tvö trommusett og Hammond-orgel á tónleikum sínum og er tónlistin mjög rokkuð, að minnsta kosti samanborið við hinn hefðbundna kórsöng. Kórmeðlimir eru fjölmargir og á öllum aldri.

Kórinn hefur aflað sér fjölmargra aðdáenda sem eflaust biða spenntir eftir hljómplötunni. „Við ætlum að sjálfsögðu að vera með útgáfutónleika fyrir vestan og gera eitthvað skemmtilegt í tilefni af því þegar þar að kemur“, segir Halldór Gunnar Pálsson.





Kynntu þér lán og aðra þjónustu Íbúðalánasjóðs

- Lán til íbúðakaupa
- Lán til endurbóta og viðbygginga
- Aukalán vegna sérþarfa (skert starfsorka)
- Úrræði í greiðsluvanda

www.ils.is
Borgartúni 21 | 105 Reykjavík | Sími : 569 6900, 800 6969

Kveður bæjarstjóra-stólinn með eftirsjá

„Fyrsti valkostur minn er alls ekki að fara í burtu héðan frá Ísafirði. Hins vegar eru mörg áhugaverð dæmi í gangi sem ég er að skoða. Sumt af því myndi hafa það í för með sér að ég þyrfti ekki að fara eitt eða neitt. Þessi ákvörðun sem ég tilkynnti um núna er því ekki í neinum tengslum við það að við ætlum okkur að flytja héðan. Ástæðan er einfaldlega sú grundvallarafstaða mín að menn eigi ekki að vera of lengi í sama starfi og alls ekki í pólitískum störfum af þessu tagi.“

Þetta segir Halldór Halldórs-son, bæjarstjóri í Ísafjarðarbæ, sem í síðustu viku lýsti því yfir að hann gæfi ekki kost á sér sem oddviti sjálfstæðismanna og bæjarstjóraefni við sveitarstjórnarkosningarnar í vor. Yfirlýsing hans markar tímamót enda þótt hin eiginlegu tímamót verði raunar ekki fyrir en á næsta vori.

Halldór tók við starfi bæjarstjóra árið 1998. Hann er því á síðasta ári síns þriðja kjörtímabils og þegar því lýkur verða árin í þessu sæti orðin tólf.

Ákvörðunin tekin fyrir löngu

Enda þótt yfirlýsing Halldórs sé nýkomin fram er ákvörðunin um að hætta langt frá því að vera ný.

„Mig minnir að það hafi verið í febrúar árið 2006 eða talsvert fyrir síðustu kosningar sem ég ákvað endanlega að vera ekki nema eitt kjörtímabil í viðbót í þessum hlutverkum. Það var alls ekki byggt á því að mér væri neitt farið að leiðast starfið, öðru nær, heldur er það mín prinsípfasta eins og ég sagði að fólk á þessum vettvangi eigi að hreyfa sig til. Hugsanlega að færa sig milli staða eða hreinlega að fara að gera eitthvað allt annað. Svo má alltaf koma inn síðar.

Það er einfaldlega mín skoðun að kjörnir fulltrúar eigi að rótera dálítið en eigi ekki að sitja fastir um aldur og ævi. Ég hef meira að segja oft velt því fyrir mér hvort það ætti ekki að vera bundið í lög að fólk ætti að taka sig upp eftir einhvern ákveðinn tíma á þingi og í sveitarstjórn. Þetta er mín afstaða og ég fer eftir henni, hvað svo sem aðrir gera.“

Fékk tilmæli víða að

– Þú sagðir í viðtali um daginn að leitað hafi verið til þín frá ýmsum stöðum á landinu kringum fyrri sveitarstjórnarkosningar til að taka að þér starf bæjarstjóra eða gefa kost á þér til þess.

„Já, ég hef verið spurður að þessu bæði kringum kosningarnar 2002 og 2006. Það er líklega ekkert óalgengt. Ég býst við að miklu fleiri en ég fái slíkar fyrirspurnir. Ég hef ekkert gefið upp hvaða sveitarfélög þetta hafa verið. Hins vegar er ég mjög ánægður með þetta. Það eru þá einhverjir sem telja að maður geti gert eitthvert gagn.“

– Nú hefur þú verið formaður Sambands íslenskra sveitarfélaga í nokkur ár og þess vegna þekkir sveitarstjórnarfólk um land allt betur til þín en ella væri. Má ekki búast við auknum þrýstingi á þig í þessum efnum kringum kosningarnar í vor?

„Það er ég ekkert viss um. Það verður bara að koma í ljós. Auðvitað hefur formennskan í Sambandi íslenskra sveitarfélaga einhver áhrif. Áður en ég tók við henni hafði ég samt farið mikið um landið til að vinna að sameiginlegum málum sveitarfélaganna, þannig að ég hef verið í góðu sambandi við sveitarstjórnarfólk um allt land bæði fyrir og eftir að ég varð formaður.“

Útilokar ekki þingmennsku

– Einn af forverum þínum í sæti bæjarstjóra Ísafjarðarbæjar, Kristján Þór Júlíusson, síðan bæjarstjóri á Akureyri, situr nú á þingi. Hefur einhvern tímann hvarflað að þér að gerast þingmaður?

„Ég hef verið spurður að þessu í tengslum við þingkosningar og þá hef ég alltaf útilokað það. Ég

hef sagt að ég hafi tekið að mér ákveðið verkefni, það er að starfa í bæjarstjórn og sem bæjarstjóri út kjörtímabilið. Ég hef ekki viljað vera að gefa kost á mér í bæjarmálum og fara svo út í baráttu fyrir því að komast á Alþingi. Þegar ég er á hinn bóginn ekki bundinn því loforði sem maður gefur kjósendum, að vinna fyrir þá yfir ákveðið kjörtímabil, þá útiloka ég þetta ekki.

Hins vegar veit ég ekki til þess að það séu neinar þingkosningar á döfinni þannig að ég er ekkert að velta því fyrir mér núna. En ég myndi ekki útiloka það.“

Fjölskylda og ferill

Halldór er sonur hjónanna Mariu Guðröðardóttur og Halldórs Hafliðasonar búenda í Ögri við Ísafjarðardjúp. Hann er einn af sex systkinum sem ólust þar upp saman en auk þess á hann eldri hálfbróður samfedra sem ólst upp í Reykjavík. Eiginkona Halldórs er Guðfinna Hreiðarsdóttir sagnfræðingur og eiga þau saman þrjú börn. Yngstur er Hákon Ari, þrettán ára, sem er í skóla á Ísafirði, í miðjunni er María Sigríður, autján ára, skiptinemi í Frakklandi, og Hreiðar Ingi, nitján ára, stundar nám við Stýrimannaskólann í Reykjavík. Síðan á Halldór 25 ára son frá því fyrir hjónaband, Halldór Vilberg, sem búsettur er í Njarðvíkum.

Halldór ólst upp í Ögri við almenn sveitastörf og gekk í skóla í Reykjanesi. Þegar hann var nýorðinn sextán ára fór hann suður til frekari skólagöngu. Störf hans á lífsleiðinni hafa verið meðal annars sjómennska, fiskvinnsla, verkstjórn í fiskvinnslu og rekstur eigin fyrirtækja. Hann var bæjarfulltrúi í Grindavík þar sem hann var búsettur um allan

skeið en árið 1996 var hann ráðinn framkvæmdastjóri Fjórðungs-sambands Vestfirðinga og fluttist þá til Ísafjarðar ásamt fjölskyldu sinni. Því starfi gegndi hann þangað til hann var ráðinn bæjarstjóri.

Reykjanesskóli frábær

Skólinn í Reykjanesi við Djúp var heimavistaraskóli og sóttu hann börn og unglingar héraðsins og jafnan var þar líka talsvert af unglingum sem komu langt að, einkum af höfuðborgarsvæðinu. Halldór minnst verunnar í Reykjanesi með mikilli hlýju.

„Ég fór þangað fyrst sjö ára gamall í vorskóla og var þar síðan þangað til ég útskrifaðist úr grunnskóla 15 ára gamall. Mér fannst skólinn alveg frábær. Auðvitað voru það viðbrigði í fyrsta skiptið sem ég kom þangað að vera í burtu í hálfan mánuð. Á aldrinum sjö til níu ára var maður í skólanum í hálfan mánuð í einu að vori og hausti. En mér fannst alveg yndislegt að vera í Reykjanesi og undir lokin langaði mann í rauninni ekkert til að fara þaðan. Þannig var um marga.

En því miður veit ég líka um krakka sem leið ekkert vel þarna. Á þessum tíma skynjaði maður þetta einhvern veginn ekki eins vel og síðar og áttaði sig ekki á því hverjir það voru sem leið verr en öðrum. Ef maður hefði áttað sig á því á þeim tíma hefði maður kannski reynt að hjálpa.“

Vinnan jafnan í fyrirrúmi

– Ætla má að starf bæjarstjóra sé þess eðlis að frístundir séu fáar og hugurinn löngum bundinn við verkefnin. Hvernig hefurðu kúplað þig frá amstrinu og hvað hefurðu helst gert þér til hvíldar og afþreyingar?

„Ég verð að játa að ég kúpla mig afar sjaldan frá starfinu. Við eigum sumarbústað inni í Djúpi þar sem við erum nánast aldrei nema rétt yfir hásumarið þegar maður er í sumarfríi. Þú gætir bara spurt börnin mín hversu oft þau hafi farið í eitthvert frí með mér. Það er ekki oft.

En þegar færi gefst hefur afþreyingin helst falist í því að stússast eitthvað í því sem náttúran hefur að bjóða, eins og að

vera aðeins á skíðum, vélsleða eða kajak. Oft missi ég samt af vélsleðaferðum eða kajakferðum með vinum mínum. Það hefur yfirleitt gengið illa upp með vinnunni, því að hún hefur alltaf verið númer eitt, tvö og þrjú hjá mér.

Kannski hef ég ekki verið nógu duglegur að forgangsraða í þágu fjölskyldunnar og tómstundanna. Á hinn bóginn næst ekki árangur í starfi bæjarfulltrúa og bæjarstjóra nema leggja í það gríðarlega vinnu og tíma. Þetta er ekki 9-5 vinna.“

Ekki sérlega fjárglöggur

– Áttu þér einhvern leyndan draum um áhugamál sem þú hefur aldrei getað ráðist í en átt kannski í bakhendinni á efri árum?

„Já, það er að vera sauðfjárbóndi. Ég yrði reyndar að setja strikamerki á rollurnar og vera með skanna eins og í búðunum því að ég myndi ekki þekkja þær í sundur. Reyndar þekki ég hyrndar og kollóttar kindur í sundur og líka þekki ég hvítar og flekkóttar í sundur.

Þetta er nú meira sagt í gríni með sauðfjárbúskapinn og sennilegt að þeir sem þekkja mig undrist slíkar yfirlýsingar. Ég held að ég hafi nú sinnt því sem ég hef mestan áhuga á. Það er eitt sem ég hef alltaf sinnt mjög mikið þó að það sé seint á kvöldin eða á nóttunni. Ég hef alltaf lesið mjög mikið mál til ánægju og ætla mér að halda því áfram.“

– Þú ert uppallinn á sveitabæ en virðist ekki sérlega fjárglöggur.

„Nei, ég var það nefnilega ekki. Hins vegar hafði ég gaman af því að hjálpa til í fjárbúskapnum, taka þátt í smalamenskum og öllu stússi í kringum þetta. Svona lagað er sumum gefið og öðrum ekki.“

Skemmtilegt starf

– Hefur þér fundist gaman að vera bæjarstjóri?

„Alveg gríðarlega. Ég hef einhvern veginn verið svo heppinn gegnum tíðina að það hefur verið alveg sama hvað ég hef fengið við, ég hef alltaf haft gaman af því. Ég er sannfærður um að ég

hefði gaman af því að vera bæjarstjóri eitthvað áfram þó ég telji rétt að hætta næsta vor.

Já, bæjarstjórastarfið er mjög áhugavert og skemmtilegt þó að það sé mjög erfitt inn á milli. Á erfiðu tímunum eru andvökunæturnar margar. Maður tekur þetta mikið inn á sig þó það sjáist ekki utan á manni. Enda á það ekki að sjást utan á manni. Í heildina er þetta samt mjög ánægjulegt.“

– Einhver atvik frá umliðnum árum í pólitíkinni og starfinu í Ísafjarðarbæ sem eru minnisstæðari og skemmtilegri en önnur?

„Þar má nefna atvik eins og góðan árangur í kosningum og undirritun nýrra meirihlutasamninga í framhaldi af því. Sérstaklega minnst ég kosninganna 2006 þar sem skoðanakannanir sýndu okkur með lítið fylgi allan tímann en niðurstaðan varð okkur mjög góð.

Mér er ofarlega í huga mjög gott samstarf við samstarfsflokkin, Framsóknarflokkinn.

Svo hefur alltaf verið ánægjulegt þegar við höfum séð góðan árangur verka okkar. Sérstaklega er mér það minnisstætt þegar við opnuðum Þróunarsetrið á sínum tíma. Líka þegar við opnuðum Háskólasetrið. Þegar ég segi við er ég ekki eingöngu að tala um bæinn og bæjarstjórnina heldur allt samfélagið hér. Alla sem hönd leggja á plóg. Mér er minnisstætt þegar ný fyrirtæki hafa verið að taka til starfa. Ég gæti nefnt fjölda slíkra atvika sem hafa vakið með manni gleði og bæta allt hitt upp og eru staðfesting á því að þetta samfélag okkar hér er alveg ótrúlega öflugt.

Auðvitað hafa bæjaryfirvöld bara áhrif á sumt af því sem gerist en við reynum að sjálfsögðu að standa okkur sem best til að umhverfið sé gott, bæði til að búa hér og til að reka fyrirtæki. Fyrir sveitarstjórnarmenn úti á landi er mikil áhersla á atvinnumál og samgöngumál og þess háttar. Við höfum beitt okkur mjög í þeim málaflokkum og erum vissulega að sjá ákveðinn árangur þó að auðvitað vildi maður sjá hlutina gerast hraðar.“

Erfiðu viðfangs-efnin í starfinu

– Erfiðustu verkefnin?

„Það eru auðvitað mörg erfið verkefni að fást við í þessu starfi. Erfiðustu og sárustu verkefnin hafa snúið að ýmsum málefnum einstaklinga sem hafa komið inn á mitt borð. En í stóra samhenginu var mjög stórt og erfitt verkefni í upphafi, sem voru skólamálin í Ísafjarðarbæ. Ég tel að við höfum farið þar leið sem þokkaleg sátt náðist um. Það voru mikil átök um það hvort Grunn-skóli Ísafjarðar ætti að vera á Torfnesinu, inni í Firði eða hér á Eyrinni. Ég held að sú niðurstaða



okkar að innrétta Kaupfélagshúsnæðið hafi verið mjög góð leið. Við fórum okkur hægt en örugglega í uppbyggingunni, sem var undirstrikað með vígslu glæsilegs skólahúss í fyrra. Við höfum reynt að fara varlega í fjármálunum, sem þýðir að ekki er hægt að gera allt í einu.

Svo var auðvitað mjög erfitt mál sem sneri að sölu á hlut bæjarins í Orkubúi Vestfjarða. Í mínum huga var aldrei nokkur vafi á því að við ættum að selja en það voru átök í kringum það. Hins vegar er það þannig með erfiðu málin, að það er fljótt að fenna yfir þau hjá mér þegar þau eru afstaðin. Ég er ekki mikið fyrir að velta mér upp úr erfiðleikum. Þetta eru bara verkefni.

Eitt það allra erfiðasta eru þessar siendurteknu niðursveiflur í atvinnumálum, þegar fyrirtæki hafa hreinlega horfið af yfirborði jarðar eins og gerst hefur á öllum stöðum innan Ísafjarðarbæjar, þar sem við höfum upplifað miklar sviptingar á þessu tímabili. Þetta hefur auðvitað tekið mikið á og mikil orka og vinna hefur farið í að finna leiðir til að vega þarna upp á móti.

Á hinn bóginn er ég mjög stoltur af því hvað samfélaginu hérna hefur tekist vel að vinna sig út úr þessum erfiðleikum. Það er ótrúlegur kraftur sem býr í þessu samfélagi. Ég er stoltur af þeim verkefnum sem við höfum komið á. Ég er stoltur af því að hafa lagt til árið 2002 að unnin yrði sérstök vestfirsk byggðaáætlun. Ég er stoltur af því verkefni sem hófst þegar ég kom vestur árið 1996 og tók við framkvæmdastjórn Fjórðungssambandsins, að byggja upp Þróunarsetur Vestfjarða. Ég er mjög ánægður með mörg af þeim verkefnum sem við sjáum núna að bera ávöxt og sífellt fleiri koma að.“

Samstarfið við minnihlutann

– Þú nefndir gott meirihlutasamstarf með Framsóknarflokknum. Hvernig hefur samstarfið verið við minnihlutann í bæjarstjórn gegnum tíðina?

„Það hefur nú yfirleitt verið ágætt. Ég hef lagt mikla áherslu á það að halda minnihlutunum upplýstum. Lárus Valdimarsson

var sérstaklega duglegur að bera sig eftir upplýsingum um gang mála. Hann fylgdi sínum málum eftir af krafti. Hann bæði kom og hringdi í mig og fylgdist mjög vel með. Þó að við gætum svo tekist á inni á bæjarstjórnarfundum töluðum við mjög mikið saman. Lárus er sá af oddvitum minnihlutans sem ég hef unnið með sem ég varð kannski mest var við í starfinu. Í heildina hefur samstarfið við þá hins vegar verið gott.

Alveg sérstaklega eftir bankahrunið höfum við oddvitar meirihlutflokkanna, við Svanlaug Guðnadóttir, reynt að vinna allt í takt við minnihlutann, bæði fjárhagsáætlanir og annað sem varðar stórar ákvarðanir. Við höfum reynt að vinna þetta eins mikið saman og hægt er. Að öðru leyti verður minnihlutinn að svara fyrir sínar skoðanir á þessu.

Annars held ég að það sé yfirleitt mjög svipað að vinna með minnihlutum, hvorki betra né verra hér en annars staðar. Ég vann líka með minnihluta í bæjarstjórn Grindavíkur og það var ekkert ólíkt.

Ég held að eitthvað það heim-

skulegasta sem hægt er að gera í stjórn sveitarfélaga sé að vera í stöðugri baráttu milli meirihluta og minnihluta. Það er ekki mikill ágreiningur eða hægri og vinstri pólitík í því hvernig á að grafa skurð, leggja gangstétt eða setja upp ljósastaura. Sveitarstjórnarmál eru í eðli sínu að miklu leyti praktísk rekstrarmál sem snúast um að nýta fjármunina sem best til að íbúarnir fái sem besta þjónustu. Þar tel ég að við höfum staðið okkur mjög vel.“

Eftirsjá að hverfa úr starfi

– Heldurðu að það fylgi því ekki eftirsjá að hverfa úr starfi bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ?

„Jú. Ég er stoltur af því að mér skuli hafa verið treyst til að sinna þessu starfi. Núna eru hins vegar að verða komin tólf ár og þess vegna held ég að það sé hollt fyrir bæði mann sjálfan og fyrir bæjarfélagið að breyta til. En að sjálfsögðu er mikil eftirsjá eftir starfinu og samstarfinu við frábært starfsfólk Ísafjarðarbæjar og við góða félaga í stjórnmalunum.“

Bloggið

Eiríkur finnur sig

Hvernig getur 120 milljarða umleitan týnst í ráðuneyti og það vegna stjórnskipta? Þó einn ráðherra afsali sér lyklavöldum og annar taki við getur það eitt og sér varla afmáð allar skráningar? Steingrímur sýnir þó þá viðleitni að boða til fundar um málið. Umboðsmaður Japanana kveðst reyndar búinn að ítreka áhuga Japananna en engar undirtektir fengið sem bendir til misbrests í boðleiðum innan þessa lykil-ráðuneytis. Það skyldi þó ekki vera að Steingrímur eigi sér óvildarmenn í eigin húsum? Allavega er þetta mál allt hið furðulegasta.

Góðu fréttir dagsins eru hugsanlegt framboð Eiríks Finns Greipssonar á Flateyri til bæjarstjóra í Ísafjarðarbæ í komandi sveitastjórnarkosningum. Eftir nokkurra ára veru í sama bæ og æ með myndavél á lofti hef ég gott tangarhald á þessum dásamlega manni. Megi Eiríkur fara fram og hljóta dúndrandi kosningu, engu skiptir fyrir hvaða flokk. Maður sem grætur þegar hann sturtar niður er í sér-flokki.

Lýður Árnason – <http://lydurarnason.blog.is>

Orð og setningar

Stundum hitta einstök orð eða setningar svo rækilega í mark að þau fylgja mönnum út ævina og kannski lengur. Ein snjöll setning, eða óheppilegt orð verða eins konar fylginautar til framtíðar. Nefna má margvísleg dæmi frægra og óþekktra einstaklinga, ef út í það er farið. Jóhönnu Sigurðardóttur fylgir fræg setning sem hún lét falla á flokksþingi Alþýðuflokksins eftir að hafa lotið í lægra haldi í formannskjöri fyrir Jóni Baldvin Hannibalssyni: „Minn tími kemur.“ Þetta urðu áhrinsorð í ljósi þess sem síðar varð og eru oft rifjuð upp. Nú erum við íbúar lýðveldisins búin að eignast álíka setningu, sem fylgir höfundinum eins og skugginn alla daga og vekur nú orðið sterk viðbrögð, sem eru í bland: réttlát reiði, fyrirlitning, hæðnishlátur og sársauki. Þetta eru hin alræmdu orð Jóhönnu Sigurðardóttur: „Við ætlum að slá skjaldborg um heimilin“. Það þarf ekki að hafa um þetta nein fleiri orð. Það vita allir að þetta var merkingarlaust og innantóm hjal; mas án innistæðu. Ríkisstjórnin hefur haft nægan tíma til þess að breyta þessum orðum í verk. En hún gerði það ekki.

Einar Kr. Guðfinnsson – <http://ekg.blog.is>

Hefur kirkjan eitthvað með Guð að gera?

Ég hef aldrei almennilega skilið kirkjuna sem slíka. Mér hefur ævinlega fundist þar allt loga stafnanna á milli út af málum sem snúast alls ekkert um guð. Ég trúi ágætlega á guð og veit að sá hinn sami hefur hjálpað mörgum - þó auðvitað aðrir virðast ekki eiga uppá pallborðið hjá honum. En þannig er það bara. En kirkjan og kirkjunnar menn. Þeir rifast um allt og ekkert. Rifast um hverjir fái að vera í sóknarnefndum og ráðum - eru hátíðlegir á sunnudögum og ýlfrandi restina af vikunni. Í dag á að reka organistann og hinn daginn prestinn. Allt út af einhverju sem enginn skilur nema sóknarnefndin sem er æðri en nokkur annar uppréttur. Og ef það er ekki nóg á þá fer kirkjan ránshendi um eigin eignir - það er ef þær eru staðsettar úti á landi. Hirðir í nafni vörslu muni og muni - sveitavarginum er ekki treystandi. Hökulinn skal frysta svo hann skemmist ekki og listaverkunum komið fyrir í geymslum svo þeirra verði ekki notið.

Þorleifur Ágústsson – <http://tolliaugustar.blog.is>



Ísfirðingur gefur út Hlýjar hendur

Hannyrðabókin Hlýjar hendur er komin út en höfundur hennar er Ísfirðingurinn Ágústa Þóra Jónsdóttir. Bókin er tileinkuð vettlingum, hönskum og grifflum en kveikjan að bókinni var sú að Ágústa var að þrjóna vettlinga en fannst vera skortur á uppskriftum. Hún ákvað því að bæta úr því og hefur því hannað 50

uppskriftir sem birtar verða í bókinni sem gefin verður út af Sölku forlagi.

„Í fyrRASumar var ég að þrjóna vettlinga á fjölskyldumeðlimi og fór að leita að skemmtilegum uppskriftum en fann engar. Ég ákvað því að búa þær til og þegar ég var komin með slatta af uppskriftum fannst mér tilvalið að

búa til bók. Ég hef alltaf haft mikinn áhuga á vettlingum og gengið mikið með alls kyns vettlinga“, sagði Ágústa í samtali við blaðamann í vor þegar bókin var í undirbúningi.

Í tilefni af útgáfunni er stefnt að því að útgáfunni verði fagnað á kaffihúsinu Heitt á þrjónunum á Ísafirði þann 25. september.



37 voru atvinnulausir í Ísafjarðarbæ. Myndin er af Ísafirði.

Minnst atvinnuleysi á Vestfjörðum

1,3% af áætluðum mannfjölda á Vestfjörðum voru skráðir atvinnulausir í ágúst sem er minnst atvinnuleysið á landinu. Er það sama hlutfall og í júlí. Meðalfjöldi atvinnulausra í fjórðungnum voru 53 en þeir voru 66 talsins í lok mánaðar. Í dag eru 70 á skrá Vinnumálastofnunar yfir atvinnulausa á Vestfjörðum. Sem fyrr voru flestir atvinnulausir í Ísafjarðarbæ eða 37, þar af 14 karlmenn og 23 konur. Því næst kemst Bolungarvík þar sem níu eru á atvinnuleysissskrá og þá

Súðavíkurbæjar með átta. Í skýrslu Vinnumálastofnunar kemur fram að skráð atvinnuleysi yfir landið í heild í ágúst var 7,7% eða að meðaltali 13.387 manns og minnkar atvinnuleysi um 2,7% að meðaltali frá júlí eða um 369 manns. Á sama tíma á árinu 2008 var atvinnuleysi 1,2%, eða 2.136 manns.

Atvinnuleysi minnkaði á höfuðborgarsvæðinu um 2,5% en minnkar um 3,2% á landsbyggðinni. Atvinnuleysi minnkar um 3,6% meðal karla en minnkar

um 1,5% meðal kvenna. Atvinnuleysið er 7,9% meðal karla og 7,5% meðal kvenna. Atvinnuleysi er nú mest á Suðurnesjum 11,4% Langtímaatvinnuleysi eykst og þeir sem verið hafa á skrá lengur en 6 mánuði voru 7.457 í lok ágúst en 7.184 í lok júlí og eru nú um 52% allra á atvinnuleysissskrá. Þeir sem verið hafa atvinnulausir í meira en ár voru 779 í lok ágúst en 629 í lok júlí. Atvinnulausum 16-24 ára hefur fækkað og voru 2.643 í lok ágúst en 3.151 í lok júlí.

Vetrarstarfið hafið hjá LRÓ

„Það er samdráttur hjá okkur eins og flestum öðrum en við ætlum að halda áfram eins og við getum þeirri kennslu sem verið hefur“, segir Margrét Gunnarsdóttir, skólastjóri Listaskóla Rögnvaldar Ólafssonar (LRÓ) á Ísafirði. Innritun er í fullum gangi þessa dagana og meðal þess sem er sérstakt á haustönninni er leiklistarnámskeið fyrir börn. Margrét hvetur fólk til að kynna sér námskeiðin á heimasíðunni edinborg.is og sjá hvað þar er í boði,

svo sem myndlistarnámskeið, vinnukonugripin og margt fleira. „Danskennslan hefst í næstu viku og danskennarinn Henna-Riikka Nurmi sem hefur verið hjá okkur áður kemur aftur til að kenna“, segir Margrét.

„Mánaðarlegt framlag sem við höfum fengið frá Ísafjarðarbæ hefur lækkað milli ára um 70 þúsund á mánuði. Okkur munar mikið um þetta vegna þess að heildarupphæðin er það lítil og dugar ekki einu sinni fyrir einu

stöðugildi. Vegna danskennslunnar höfum við líka fengið framlag frá ríkinu en ég er ekkert farin að heyra neitt af því núna“, segir Margrét.

Ekki er enn ljóst hvort um samdrátt verður að ræða í nemendafjölda hjá LRÓ að þessu sinni. „Ég vil eindregið hvetja fólk til að koma á námskeiðin hjá okkur því að það er alls ekki dýrt“, segir Margrét Gunnarsdóttir skólastjóri.

– hlynur@bb.is



Íbúafundur um sorpbrennslustöðina Funa ætlað að skora á bæjarstjórn að taka strax ákvörðun um sorpmál bæjarfélagsins.

Skora á bæjarstjórn að taka ákvörðun varðandi sorpmál

Um þrjátíu manns mættu á almennan íbúafund um sorpbrennslustöðina Engidal sem haldinn var í Edinborgarhúsinu á Ísafirði í síðustu viku. Ákveðið var að senda áskorun á bæjar-

stjórn að taka strax ákvörðun varðandi sorpmál bæjarfélagsins og byrja þá endurbyggingu sem þarf á sorpbrennslustöðinni. Undirskriftalistar vegna áskorunarinnar liggja í verslunum í bænum

í eina viku.

Vernharður Jósefsson stöðvarstjóri Funa var fundarstjóri. Hann lýsti ástandinu á Funa og kynnti fyrir fundargestum mengunarnarvarnbúnað sem hann telur að

komi í veg fyrir mengun frá sorpbrennslustöðinni. Þá fóru fram almennar umræður og höfðu menn að orði að þetta hefði verið þarfur fundur.

– *thelma@bb.is*

Bæjarstjórinn vissi ekki af fundinum

Halldór Halldórsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, segist ekki hafa verið látinn vita af íbúafundi um málefni sorpbrennslunnar Funa í Engidal sem var haldinn í Edinborgarhúsinu á Ísafirði á þriðjudag í síðustu viku. Einn skipuleggjenda fundarins segist hafa reynt að ná í Halldór, sem aftur á móti segist ekki hafa fengið nein skilaboð þess efnis og ekki heldur aðrir bæjarfulltrúar.

„Mér þykir afskaplega vont að hafa ekki verið á þessum fundi, en þar sem ég vissi ekki af honum og var á öðrum fundi gat ég ekki svarað fyrir ýmis mál,“ segir Halldór. Á fundinum var ákveðið að skora á bæjaryfirvöld að byrja strax þá enduruppbyggingu sem nauðsynleg er til að minnka mengun frá Funa. Undirskriftalistar þar sem skorað er á bæjarstjórn að hefja þegar fram-

kvæmdir, liggja frammi í verslunum á Ísafirði. Halldór segir að mjög markvisst hafi verið unnið að þessum málum. Í byrjun þessa árs var sett af stað nefnd og hefur hún skilað af sér sínum tillögum.

„Verið er að vinna úr niðurstöðum úr skýrslunni og þar sem að þetta er mjög stórt og mikið verkefni tekur ákvörðun um þessi mál lengri tíma og til að fólk átti sig á hve stórt þetta er þá erum

við að tala um 300-500 milljóna krónu verkefni.“ Halldór segir stefnu sveitarfélagsins að vera áfram í fararbroddi í eyðingu sorps. „Með því að brenna sorpið við háan hita er minni mengun og einnig er varminn notaður til að hita upp Holtahverfið. Ókosturinn er að reykurinn er of sýnilegur en hann er ekki að menga neitt meira. Oft er mengunin meiri í ósýnilegu formi en sýnilegu.“

Góð aðsókn að minjasafninu

Um 700 gestir skráðu sig í gestabók safns Minjasjóðs Öfundarfjarðar í fyrrasumar sem rekið er í gamalli bóka-búð á Flateyri. Safnið var opnað árið 2006 og var þetta því þriðja sumarið í röð sem það var opið en í húsinu var verslunarrekstur í tæp 100 ár, lengst af verslanirnar Bræðurnir Eyjólfsson og Bókaverslun Jóns Eyjólfssonar. Húsið á sér því merki-lega sögu og er einstakt að því leyti að það hefur varðveist í því sem næst upprunalegu horfi ásamt öllum innréttingum og innbúi kaupmannshjónanna Guðrúnar Arnbjarnardóttur og Jóns Eyjólfssonar.

Rekstur safnsins var með svipuðu sniði og árin tvö ár þar á undan. Var það opið almenningi í u.þ.b. átta vikur yfir sumarmánuðina. Sala notaðra bóka var sem fyrr uppistaða söluvarnings og bárust safninu bókaþjálfr frá mörgum velunnurum. Þetta kemur fram í ársskýrslu minjasjóðsins fyrir árið 2008.

Sjóðurinn sótti um styrk í Þjóðhátíðarstyrk til skráningar muna á heimili kaupmannshjónanna og var safninu veittur styrkur að upphæð 500 þúsund krónum. Skjali þar að lútandi var veitt viðtaka 1. desember í Þjóðmenningarhúsi. Gert er ráð fyrir að unnið verði að skráningu muna og skjala í samvinnu við Bygðasafn Vestfjarða og Héraðsskjalasafn Vestfjarða. Þá veittu Kaupmannasamtök Íslands safninu starfsstyrk að upphæð 700 þúsund kr. á síðasta ári.

– *thelma@bb.is*

Fræðslumiðstöðin tíu ára á þessu ári

Fræðslumiðstöð Vestfjarða fagnar 10 ára afmæli sínum á þessu ári. Frá því miðstöðin var sett á stofn hefur verið mikil gróska í fullorðinsfræðslu en hún er það menntastig sem hefur vaxið mest og hefur fest sig í sessi sem sérgrein innan mennta- og kennslufræða. Fjármagn til fullorðinsfræðslu hefur aukist mjög og hafa nýir starfsmenntasjóðir verið stofnaðir, sem fólk hefur verið hvatt til að nýta sér. Fræðslumiðstöð Vestfjarða hefur fylgst

vel með tímanum og hefur jafnóðum tekið upp það nýjasta á þessu sviði. Miðstöðin hefur það að stefnu sinni að þjóna öllum Vestfirðingum, hvar sem þeir búa.

Starfstöðvar Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða eru þrjár, á Ísafirði, á Patreksfirði og á Hólmavík. Allgott framboð námskeiða er á öllum starfstöðvunum þó að nokkuð vanti upp á að framboðið sé sambærilegt á öllum stöðunum. Unnið hefur verið að sam-

ræmingu námskeiða á milli starfstöðva og er einn liður í því aukin fjarkennsla. Þrátt fyrir erfiða tíma í íslensku samfélagi, heldur Fræðslumiðstöðin ótrauð inn í nýjan áratug og hvetur fólk til að bregðast við samdrætti og kreppu með því að nýta tímann til náms.

Í nýjum námsvísi Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða eru auglýst nær 60 námskeið og námsleiðir í sjö flokkum. Flest námskeiðin eru í flokki tómstunda eða 21 og 12 í tungumálaflokki.



Tæplega 60 námskeið og námsleiðir eru í boði hjá Fræðslumiðstöð Vestfjarða.

smáar

Nemendafélag Míauglýsir eftir sófum, gefins eða fyrir lítinn pening. Uppl. í síma 866 6351.

Par með 10 ára barn og tvo hunda óskar eftir húsnæði til leigu á Ísafirði frá og með miðjum desember. Reglusemi og skilvísing greiðslum heitið. Uppl. í síma 894 1500 og á netfanginu gautur@gitarskoli.is.

Erum á leið til Ísafjarðar að slípa parket. Verðum 20. september. Uppl. í síma 897 8799 (Björgvin).

Vatnsleikfiminámskeið er hafið í sundlaug Bolungarvíkur. Námskeiðið er á fimmtudögum frá kl. 17:15-18:00 og stendur til 3. desember. Verð kr. 6.000.

Til sölu er gamall, brúnn, leður hornsófi á kr. 10.000. Einnig fururúm 1,20x2 á kr. 7.000. Uppl. í síma 691 3115.

Taka þátt í rannsókni

Leikskólinn Eyrarskjól á Ísafirði tekur þátt í rannsókn á viðmiðum fyrir skimunar- og matslista ASEBA fyrir eins og hálfis árs til fimm ára gömul börn. Markmiðið er að afla viðmiða fyrir fyrir íslenska útgáfu tveggja matslista á liðan og hegðun barna.

Tilgangur rannsóknarinnar er að afla samræmdra upplýsinga um mat foreldra og annarra sem þekkja vel til barna á þessum aldri. Niðurstöðurnar mynda grunn eða viðmið sem nýtast við rannsóknir og athuganir á börnum. Úrtakið er tilviljunarúrtak 500 barna á þessum aldri.



Bræðurnir Sigurður Arnfjörð og Guðmundur Helgasynir á Hótel Núpi í Dýrafirði ætla á þessu hausti að taka sextíu sérvalda dýrfirska lambaskrokka, annars vegar til vinnslu í kjötvinnslunni á hótelinu og til matreiðslu þar og hins vegar til sölu í verkefninu Beint frá býli, þar sem þeir eru meðal þátttakenda.

Dýrfirskir skrokkar á Facebook

Bræðurnir Sigurður Arnfjörð og Guðmundur Helgasynir á Hótel Núpi í Dýrafirði ætla á þessu hausti að taka sextíu sérvalda dýrfirska lambaskrokka, annars vegar til vinnslu í kjötvinnslunni á hótelinu og til matreiðslu þar og hins vegar til sölu í verkefninu Beint frá býli, þar sem þeir eru meðal þátttakenda. „Við sóttum um styrki frá Nýsköpunarmiðstöð og Impru og

fleirum en fengum synjun. Í staðinn fyrir að hætta við verkefnið ákváðum við að snúa þessu í aðeins aðra átt en við höfðum hugsað okkur. Annars vegar megum við vinna og matreiða kjötið á hótelinu en ekki selja það hrátt í lausasölu. Hins vegar erum við í verkefni sem kallast Beint frá býli og getum þar selt frá okkur í heilum skrokkum. Við ætlum að taka fáa skrokka í

það núna. Kjötvinnslan á Núpi sem slík verður því bara notuð fyrir hótelið en verkefnið verður samt lifandi að því leyti að við seljum lambakjötið bæði matreitt fyrir gesti hótelsins og eins í áttakinu Beint frá býli“, segir Sigurður.

„Þetta árið að minnsta kosti verðum við eingöngu með sláturlömb frá Hjarðardal í Dýrafirði. Við bræðurnir ætlum að hjálpa

bóndanum að smala og draga í dilka og síðan ætlum við að sérvelja sextíu bestu skrokkana í þetta verkefni okkar bræðranna, að hluta fyrir hótelið og að hluta fyrir verkefnið Beint frá býli. Við höfum fengið töluvert af fyrirspurnum þannig að við erum nú þegar með tíu-fimmtán skrokka í forsölu en síðan ætlum við að auglýsa þetta á Facebook. Ég reikna með að við seljum þetta fljótt og ef vel gengur tökum við bara meira næst. Við ætlum ekki að taka fyrir meira en við getum örugglega selt. Á næsta ári tökum við þetta líklega allt í forsölu. Við ætlum ekki að gera þetta í neinum sprengingum heldur láta það fara stigvaxandi ár frá ári. Á þremur til fjórum árum verður þetta kannski komið í einhver hundruð skrokka“, segir Sigurður Arnfjörð Helgason hóteltjóri á Núpi í Dýrafirði.

– hlynur@bb.is

Umsóknarfrestur framlengdur

Þrjár umsóknir bárust um stöðu skólastjóra Grunnskólans á Þingeyri en umsóknarfrestur um stöðuna rann út 27. ágúst síðastliðinn. Ein umsóknanna var dregin til baka og hefur því verið ákveðið að framlengja umsóknarfrestinn til mánudagsins 21. september nk.

Enginn skólastjóri er við skólann í dag en Kristín Ósk Jónasdóttir, grunnskólafulltrúi Ísafjarðarbæjar og kennarar GP sinna starfinu þar til nýr skólastjóri verður ráðinn.

Ferðast um söguna

Stakkur skrifar

Á tímum siðferðilegs hruns manna, sem makað hafa krókinn á kostnað hins almenna skattgreiðanda, þarf nýja sýn. Páll Skúlason prófessor í heimsspeki við Háskóla Íslands hefur sagt opinberlega að Jón Ásgeir Jóhannesson og Bjarni Ármannsson þurfi á hjálp að halda. Frægð, vinsældir og ríkidæmi rugli siðferðiskennnd manna. Það er ekki ekki ný saga. Hinn almenni borgari þessa lands, sem borga skal skattana og endurreisn Íslands, fari hún á annað borð í gang, er minntur á þessa skelfilegu staðreynd nú.

Við eigum langt í land með að ná vopnum okkar á nýjan leik. En það þýðir ekki að leggjast í þunglyndi. Það gagnast engum. Ísland og Íslendingar nútíðar og framtíðar þurfa á öllu að halda til að risa á ný. Talsvert þarf til að reisa traust Íslands að nýju. Við seldum Landsbankann, The National Bank of Iceland, óprúttum, harðsvíruðum mönnum sem sýna nú af sér fullkomið siðleysi. Það gera allir hinir fjárfestarnir iðrunarlaust. Verk þeirra snerta þá ekki. Skilaboðin til okkar hinna sem eigum að endurreisa, með skertum lífskjörum, eru skýr. „Þið eruð fífl“. Þessir menn ætla ekki að borga skuldir sínar. Það gera heldur ekki nýju ríkisstarfsmennirnir sem stýra bönkunum. Í skjóli ríkisins eiga þeir að komast upp með svírðuna. Hvert á hinn almenni heiðarlegi Íslendingur að fara með bankaviðskiptin? Til ríkisstofnana, sem ekki hafa hreinsað af sér óværuna? Hvað eigum við sem berum uppi endurreisnina að gera? Fer hún af stað?

Stakkur hefur ritað vikulega pistla í **Bæjarins besta** í mörg ár. Skoðanir hans á mönnum og málefnum hafa oft verið umdeildar og vakið umræður. Þær þurfa alls ekki að fara saman við skoðanir útgefenda blaðsins. Þrátt fyrir það bera ábyrgðarmenn blaðsins ábyrgð á skrifum **Stakks** á meðan hann notar dulnefni sitt.



Gramverslunin á Þingeyri hefur fengið sögulegt gildi á núverandi stað.

Telja Gramverslun á Þingeyri best geymda á núverandi stað

Stjórn íbúasamtakanna Átaks á Þingeyri telja að Gramverslunin sé best geymd á þeim stað þar sem hún er nú. Bæjaryfirvöld í Ísafjarðarbæ höfðu óskast eftir álitni samtakanna á hugsanlegu framtíðarstaðsetningu hússins en til stendur að selja húsið. Telja samtökin að Gramverslun, sem einu sinni hefur verið flutt frá því hún var byggð, hafi öðlast sögulegt gildi á núverandi stað. Stjórninni og ráðgjöfum hennar fannst húsið og saga þess ásamt núverandi staðsetningu þess falla vel að götumyndinni og Salthús-

inu sem verið er að reisa við hlið þess. Stjórnin leggur ríka áherslu á að við val á kaupanda verði sérstaklega tekið tillit til þess að starfsemin í húsinu efli bæjarbraginn, jafnvel þótt það verði ekki flutt úr stað. Flutningur hússins, með þeim kostnaði sem því fylgdi, gæti haft þau áhrif að einhverjir af þeim sem boðið hafa í húsið muni falla frá kaupunum, sem myndi fækka þeim valkostum sem fylgja nýtingu hússins og hugnaðist íbúum ef til vill best.

Húsið er eitt af elstu húsum

Þingeyrar, tvílyft timburhús með risi og var reist af Gramverslun árið 1874, að því er fram kemur á Skutulsvefnum. Gramsverslun var aðalverslunin á Þingeyri frá 1867 og fram undir 1900. Verslunin var í eigu Danans Nielsar C. Gram, en húsið komst síðar í eigu Kaupfélags Dýrfirðinga sem hafði þar verslun þar til nýtt verslunarhús Kaupfélagsins var reist um 1950. Þá var Gamla kaupfélagið fært yfir Vallargötu og húsinu snúið á hlið. Húsið hefur verið í eigu Ísafjarðarbæjar undanfarin ár og hugmyndir

verið uppi um að færa það til svo það snúi framhliðinni að Hafnarstræti og höfninni, eins og það gerði í upphafi.

Eins og fram hefur komið hafa fimm kaupþilboð borist í Gramverslunina en bæjaryfirvöld vildu ekki taka afstöðu til tilboðanna fyrr en upplýsingar lægju fyrir um staðsetningu og lóðamál.

Birna hættir einnig í vor

Eins og greint er frá hér hér í blaðinu mun Halldór Halldórsson bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar ekki gefa kost á sér í sveitarstjórnarkosningunum í vor. Samkvæmt upplýsingum blaðsins mun Birna Lárusdóttir, bæjarfulltrúi Sjálfstæðisflokksins ekki gefa kost á sér í vor. Sjálfstæðismenn eiga fjóra bæjarfulltrúa af níu í Ísafjarðarbæ. Auk Halldórs og Birnu skipa þau Gisli Halldór Halldórsson og Guðný Stefania Stefánsdóttir sæti flokksins í bæjarstjórn. Guðný Stefania tók við af Inga Þór Ágústssyni þegar hann flutti úr bænum á miðju kjörtímabili.

Að loknum fundi ritaði Ingólfur Þorleifsson, formaður fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Ísafjarðarbæ á bloggsíðu sína: „Miklar breytingar verða á framboðslista sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ því tveir reynslumestu bæjarfulltrúarnir tilkynntu að þeir hygðust hætta eftir þetta kjörtímabil. Rúmlega 25 ára samanlögð reynsla af sveitarstjórn máli-um er ekki tekin upp af götunni.“

– heida@bb.is

Húsvörður

Staða húsvörðar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði er laus til umsóknar. Umsóknarfrestur er til 29. september 2009.

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur formaður hússtjórnar, Óli M. Lúðvíksson í síma 897 3733.

Rekstrarnefnd Stjórnsýsluhúss.

Erfið björgunaraðgerð

Félagar úr Björgunarfélagi Ísafjarðar komu erlendum ferðamanni til bjargar á fimmtudag í síðustu sem var í sjálfhældu í Þverfelli ofan Engidals í Skutulsfirði. Björgunaraðgerðin þótti erfið og stóð fram á nótt. Þegar björgunarmenn komu að klettabeltinu þar sem maðurinn sat fastur, reyndist það afar bratt og svo til ófært. Því varð að koma að honum ofanfrá sem fól í sér

töluverða vinnu með línur og tryggingar. Var því ákveðið að kalla einnig út björgunarsveitina Tinda frá Hnífsdal. Björgunarmenn sigu svo um 20 m niður að manninum.

Um klukkan 22:30 um kvöldið var búið að ná manninum upp á brún klettabeltisins. Var hann orðinn nokkuð kaldur, enda hafði rignt á hann af og til um kvöldið. Einnig kvartaði hann undan eymsl-

um í fótum og lítilli hreyfigetu, sem er eðlilegt þar sem hann var búinn að sitja nær hreyfingalaus í rúma sex tíma.

Það var manninum til happs að hann var með göngukort frá upplýsingamiðstöð ferðamanna og gat því sagt nákvæmlega til um staðsetningu sína en hann var dökkklæddur og því hefði verið erfitt að finna hann ef til leitar hefði komið.

Tilhæfulaus orðrómur

„Það er bara verið að vinna á fullu. Bleytan hefur reyndar verið að stríða okkur svolítið“, segir Guðmundur Rafn Kristjánsson hjá Vegagerðinni á Ísafirði um lagningu bundins slitlags á nýja veginn um Arnkötludal milli Reykhólahrepps og Stranda. Guðmundur Rafn er deildarstjóri nýframkvæmda á norðvestursvæði

og hefur síðustu dagana verið á vinnusvæðinu á Arnkötludal. Hann segir tilhæfulausan þann orðróm að líkur séu á því að verklokum muni seinka.

Allar horfur séu á því að það standist sem áður hefur verið gefið út, að lokið verði við að leggja bundið slitlag á Arnkötludalsveg fyrir lok þessa mánaðar, svo

framarlega sem tíðarfarið verði ekki þeim mun blautara og verra. Þegar nýi vegurinn verður opnaður verður hægt í fyrsta sinn að aka á bundnu slitlagi alla leiðina milli Ísafjarðar og Reykjavíkur.

Guðmundur Rafn tekur fram, að nýi vegurinn sé núna algerlega lokað vinnusvæði og alls ekki opinn fyrir almennri umferð.



Gisting í Reykjavík á besta stað í bænum

Verð, ein nótt:
7.500 kr. (minni íbúð)
9.500 kr. (stærri íbúð)

Afsláttur er gefinn ef gist er þrjár nætur eða meira.

Hvor íbúð er búin eldhúsi, tvöföldu rúmi, sjónvarpi og sameiginlegu baðherbergi. Íbúðirnar eru í rölegu og fallegu hverfi. Sundlaug, verslun og önnur þjónusta er í þægilegu göngufæri.



Útleiga í síma: 896 0587 eða email: leigulidinn@internet.is

FIMMTUDAGUR 17. SEPTEMBER 2009

13



Magnús Alfreðsson húsasmíðameistari á Ísafirði.

Endursmíðar Jóhönnu

Magnús Helgi Alfreðsson húsasmíðameistari á Ísafirði hefur starfað við endurbyggingu Jóhönnu, vélbáts í eigu Byggðasafns Vestfjarða, af og til síðastliðið ár. Byggðasafnið hefur nokkra báta á sínum snærum sem ætlunin er að vera eins konar safn á sjó þar sem safngestum verður siglt um Ísafjarðardjúp og þeim sýnt hvernig veiðar voru stundaðar áður fyrr. Jóhanna var smíðuð árið 1929 fyrir Ágúst Einarsson sem kenndi sig við Dynjanda í Jökulfjörðum. Smíðurinn, Falur Jakobsson frá Kvíum, var annálaður bátasmiður og sveitungi Ágústs. Bátinn smíðaði Falur í Bolungarvík og er hann gott sýnishorn af trillu eins og þær voru hjá útgerðarbændum við Ísafjarðardjúp á árunum fyrir og eftir seinna stríð. Fals-bátarnir þóttu ávallt góðir til sjós. „Þeir voru stöðugir, hluti af skýringunni getur verið hve kjölur bátanna var hár“, að sögn Magnúsar.

Frumraun í bátasmíði

Magnús vann í átta ár í skipasmíðastöðinni á Ísafirði áður en hann hóf að vinna sjálfstætt fyrir fimmtán árum. Þar vann hann

talsvert að viðgerð trébáta, aðallega plankabyggðra, en Jóhanna er hins vegar súðbyrðingur (skarsúðaður bátur), auk þess sem hann innréttaði tré- og stál-

báta. Magnús hóf að endursmíða Jóhönnu í fyrravor og lagði þá kjölinn og smíðaði fram- og afturstefni bátsins. Verkið tafðist þar sem upphaflega kom röng

sending af timbri sem pantað hafði verið frá Noregi en að lokum fékkst rétta efnið.

„Ég byrjaði svo á endurbyggingu bátsins um mánaðarmótin

janúar og febrúar í ár og vann við það fram á vor. Ég hef aldrei smíðað bát né fengist við súðbyrðing áður en þekki svoltið plankabyggðu bátana og hafði



Magnús hefur starfað við endurbyggingu Jóhönnu, vélbáts í eigu Byggðasafns Vestfjarða, af og til síðastliðið ár.

Matarmikil súpa með hollu brauði

Sælkeri vikunnar deilir með lesendum Bæjarins besta uppskrift að matarmikilli súpu með mexikönskum blæ. Uppskriftin er ætluð fyrir sex manns. Einnig fylgir með uppskrift að hollu brauði. „Eftir alla þessa hollustu er svo hrikalega gott að fá sér eina sneið af ostaköku“, segir Lára og lætur því fylgja með uppskrift að dýrindis ostaköku.

Matarmikil súpa

- 2 lítrar vatn
- 1 pakki Knorr íslensk kjötsúpa (pakkasúpa)
- 1 pakki Mexico súpa (pakka súpa)
- 2 kjúklingateningar

Látið suðuna koma upp og hrært vel í. Brytjið út í grænmeti, t.d. rófur, gulrætur, hvítkál og

hvaða grænmeti sem til er. Sjóðið í hálf tíma með grænmetinu. Að lokum er fjórum kjúklingabitum sem búið er að skera í bita bætt út í ásamt fersku brokkolí og blóm-káli. Allt saman látið sjóða í 15 mínútur til viðbótar.

Hollt brauð

- 1 bolli gróft spelt
- 1 bolli heillhveiti

Ostakaka

- 250 g makkarónur
- 75 g smjör
- Makkarónukökur muldar, smjör



- 3 bollar kornblanda
- 250 g kotasæla
- 2 tsk matarsódi
- 2 msk agave sýróp eða sam bærilegt
- 700 ml Ab mjólk

- brætt yfir og sett í botn á móti
- 300 g rjómaostur
- 200 g flórsykur
- 1/2 l rjómi
- 2 tsk. vanillussykur
- Rjómi þeyttur



Sælkeri vikunnar er Lára Arnbjörnsdóttir í Bolungarvík.

Þeytið rjómaost, flórsykur og vanillussykur vel saman og svo hrærið saman við þeytta rjómann. Helt yfir botninn.

Krem

- 200 g suðusúkkulaði

1 dós sýrður rjómi
Bræðið saman í potti og hellt yfir kökuna. Að lokum eru ferskir ávextir settir yfir allt saman.

Ég skora á Daðey Steinunni Einarsdóttir í Bolungarvík að koma með uppskrift í næsta blað.

smávegis reynslu frá þeirri vinnu“, segir Magnús.

Einungis tvö borð á lengðina

Báturinn er átta metrar að lengd. Þar sem efnið frá Noregi var svo langt náðist í nokkrum umförum að hafa einungis tvö borð á lengðina, eða ein samskeyti, sem þykir mjög gott, að sögn Magnúsar. Hann fékk leiðbeiningar og reglur frá Heiðari Kristinssyni, umdæmisstjóra hjá Siglingastofnun, um smíði á súðbyrðingum. Gamla Jóhanna er byggð 1929 og voru byggingarreglur um súðbyrðinga ekki komnar þá. Báturinn er heilmikil smíði og miðaði verkinu frekar hægt í upphafi en gekk betur eftir því sem ofar dró í smíði bátsins.

Leitaði á náðir reynslubolta

Magnús leitaði sér þekkingar um smíði báta af þessu tagi og talaði við Hólmborg Arason á Ísafirði og Ragnar Jakobsson í Bolungarvík. „Það er mjög gott að tala við svona reynslubolta um bátasmiði. Þeir eru búnir að smíða fleiri báta og gera upp þannig að það kom sér vel að fá vitneskju frá þeim og hjálpaði mér mikið við endursmiðina,“ segir Magnús. Hann hefur víðað að sér bókum um bátasmiði, þá aðallega erlendis frá og notast við eina frá Noregi og nokkrar frá Bandaríkjunum.

„Svo hef ég notast við ritið Íslenska sjávarhætti eftir Lúðvík Kristjánsson sem hægt er að finna á bókasafninu. Þar er mikill fróðleikur um skarsúðaða báta, gerð grein fyrir þróun íslenskra báta og farið í gegnum sögu sex-



Gamla Jóhanna, fyrirmyndin, er illa farin fyrir utan Byggðasafnið í Neðstakaupstað.

og áttæringa. Ég var svo heppinn að finna eitt eintak af bókinni til sölu í fornbókaverslun á Akureyri á dögnum en hafði áður fregnað að hún væri ófáanleg“, segir Magnús.

Notaði gömlu borðin sem sniðmát

Magnús segir svokallaða kjalsíðu vera á Jóhönnu og er hún frekar flókin smíði.

„Kjalsíða var algengari áður fyrr. Sú nýja er í heilu lagi en sú gamla var í tveimur hlutum. Heildarlengd kjalsíðunnar er um sex metrar. Bátasmiði var alveg ný fyrir mér svo ég þurfti nánast að finna upp hjólið við smíði Jóhönnu. Það er mikill munur á því að gera við báta eða smíða nýjan bát.

Jóhanna, fyrirmyndin, er ónýtur bátur sem ég reif úr sjö borð og notaði sem sniðmát. Ég tók hvert þeirra og lagði það ofan á

nýja timbrið og sneið alveg eftir gömlu borðunum. Sum borðin þurfti að lengja en stytta önnur, samkvæmt nýju reglunum um smíði slíkra báta. Síðan hef ég verið að reyna að halda mig við sömu samskeytin og eru á gömlu Jóhönnu, t.d. á stefni og kili.“

Frekar lítið pláss

Þegar kom að því að fara að byrða bátinn voru góð ráð dýr hjá Magnúsi. Hann segir verkstæðið sem báturinn er í vera alveg í það minnsta og tæki hann ekki stærri bát þangað inn. Magnús þurfti að ýta öllum verkfærunum til hliðar.

„Þetta slapp fyrir horn hvað plássíð varðar til að athafna sig en þetta var afskaplega þröngt. Húsnæðið er eiginlega of lítið og ég hefði þurft að hafa talsvert meira rými. Ég var alltaf utan í vélunum, en þetta hafðist,“ segir Magnús, sem er búinn að byrða

bátinn upp að dekki.

Magnús hélt alltaf að Jóhanna og Gestur úr Vigur væru jafnstórir bátar en Jóhanna er einum metra lengri og þrjátíu sentimetrum breiðari og er því töluvert stærri en Gestur, sem honum finnst einstaklega vel heppnuð endursmiði. Jóhanna er heildekkuð með öldustokk allan hringinn.

Borðin gufusoðin

Til að beygja borðin sem notuð er í bátinn þurfti Magnús að gufusjóða þau í fram- og afturstefnin. Hann þurfti að beita ýmsum kústum til að ná almennilegum hita.

Miðskips þarf ekki að sjóða borðin því ekki þarf að beygja þau eins mikið. Á þau þurfti einungis þvingur.

Trébátar endast betur á sjó

Jóhanna verður sjósett um leið og hún verður tilbúin þar sem bátar varðveitast best í sjónum eða í stöðugri notkun, en hún verður höfð inni á veturna. Magnús segist ekki vita hvenær ný Jóhanna verður tilbúin. Nái hann að vinna eitthvað í henni í vetur bindur hann vonir við að ekki verði mikið eftir af verkinu á næsta ári nema járnsmíðavinna og niðursetning vélar. Hann á eftir að sníða bönd í nýsmíðina og ætlar að nota eitthvað af böndunum úr fyrirmyndinni Jóhönnu, sem verða eins konar sýnishorn úr gamla bátnum. Gömlu böndin eru búin til úr rauðvíði. Magnús ætlar að nota skipaeik í böndin fyrir utan þau gömlu, en það verður alltaf að vera eitthvað úr fyrirmyndinni í nýsmíðinni, sem er regla, að sögn Magnúsar.

„Svo á eftir að setja dekkið í bátinn og það þarf að setja inn-gangskappa við lúkarinn og annan við vélarrúmið að aftan. Seinna meir var sett stýrishús á gömlu Jóhönnu, en ekki í upphafi, og ekki verður um slíkt að ræða á nýja bátnum. Um það bil 40 sentimetra frá dekki verður öldustokkur úr eik allan hringinn,“ segir Magnús.

Hefur gaman af smíðinni

Hann segist hafa töluvert gaman af því að smíða þennan bát en smíðin reyndist honum erfið fyrst því hann hafði aldrei komið nálægt bátasmiði af þessu tagi áður. „Þetta útheimtir svolítið af verkfærum og það mætti vera minni bátur hér inni en ég er búinn að ná ákveðinni reynslu við smíði þessa báts. Svo er maður alltaf að bæta við sig reynslu og kunnáttu því ekki fæðist maður með þessum ósköpum,“ segir Magnús Helgi Alfreðsson að lokum.

SPILAÐU
FRÚTÍNULEIKINN

Á MS.IS

NÝR JÓGÚRT
DRYKKUR



ENGIN
SÆTUEFNI

20%
ÁVEXTIR

AÐEINS
3%
HVÍTUR
SYKUR

AÐEINS
1% FITA

ms

MS.IS

NÝR JÓGÚRTDRYKKUR